



Eldgosið á Reykjaneskaga hefur dregið til sín mikinn fjölda gesta undanfarið en svæðið í kring er ekki síður áhugavert. MYND/ÞRÁINN KOLBEINSSON

lifestream
POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS
**AUKAKÍLÓIN
BURT**



Ævintýrleg afþreying og faldar náttúruperlur á Reykjanesi

Á Reykjanesi er að finna fjöldann allan af stórmerkilegum náttúruperlum í mikilli nálægð við höfuðborgarsvæðið. Meðal þeirrar afþreyingar sem er í boði má nefna lautarferð með fjölskyldunni, kajakferðir, veiði, ótal gönguleiðir eða jafnvel að snorkla í Kleifarvatni. **2**

„Sérstaða Reykjanes felst ekki síst í því hvað það er aðgengilegt og stutt til okkar. Fólk áttar sig oft ekki á því að hér eru heimsklassaúti-vistarsvæði, fjöll, gönguleiðir og aðrar leyndar perlur,“ segir Eyþór Sæmundsson hjá Markaðsstofu Reykjanes.

Meiri tími fyrir upplifun

„Stundum er eins og fólki þyki of stutt að koma hingað í ferðalag frá höfuðborgarsvæðinu en þegar þú ferð í ferðalag þá er keyrslan eða ferðalagið oftar en ekki stór hluti af upplifuninni. Hjá okkur er hægt að spara ferðalagið og nota meiri tíma í upplifun.“

Eyþór segir að með eldgosinu séu sífellt fleiri að kveikja á því hvað Reykjanesið sé frábært svæði til útivistar og ferðalaga.

„Það er eins og fólk hafi aðeins áttað sig á Reykjanesinu sem eins konar útivistarsvæði og áfangastað fyrir höfuðborgarsvæðið. Það hefur stundum verið smá áskorun að sýna fólki Reykjanes sem áfangastað, af því að þetta er svo stutt frá,“ útskýrir hann.

„Við höfum reynt að hvetja fólk til að staldra við og skoða í kringum sig en með tilkomu gossins er það að breytast. Núna eru fjölmargir búnir að keyra á svæðið og ef þau hafa til dæmis farið Krýsuvíkurléiðina þá hafa þau kannski séð ýmsar perlur eins og til dæmis Kleifarvatn þar sem nú verður boðið upp á snorkl yfir neðansjár háhitasvæði, sem er ákaflega spennandi.“

Afþreying fyrir alla

Eyþór segir Reykjanesið hafa upp á allt að bjóða. „Þú getur farið örstutt frá heimilinu og sparað löngu keyrsluna en er samt upplifað sveitasælu. Hér er hægt að skella sér á fjórhjól, kajak eða sjóstöng og hér eru golfvellir, sundlaugar og svæði fyrir reiðhjólafólk.“

Á Reykjanesinu er einnig að finna gróin svæði sem eru tilvalin fyrir fjölskylduferðalög. „Það er fullkomið fyrir fjölskyldur að koma hingað og fara í lautarferð í Sólbrekkuskógi eða að Háabjalla. Það er lítið og skjólsælt svæði, eiginlega bara á leið að eldgosinu, þar eru rjóður með bekkjum og bordum, grill, göngusvæði og svo er Seltjörn og Snorrastaðatjarnir skammt frá,“ segir Eyþór.

„Við fjallið Þorbjörn er svo að finna Selskóg, sem er skógur Grindvíkinga og glæsilegt útivistarsvæði líka. Þetta eru að mörgu leyti faldar perlur.“

Eyþór segir einnig vinsælt að fara á rúntinn, skoða jafnvel söfnin og fá sér ís eða jafnvel fara í langar gönguleiðir sem taki lengri tíma.

„Síðan er hægt að skreppa yfir nótt og gista á glæsilegum hótélum sem er að finna í hverju sveitarfélagi. Úti á Garðskaga er til dæmis hótél sem er ekki nema fimm mínútur frá flugvælinum en það er alveg eins og þú sért staddur í sveit við sjóinn. Fólk fattar þetta ekki alveg, það fer kannski oft Reykjanesbrautina en um leið og þú ferð inn á Reykjaneskagann þá fyrst uppgötvarðu hann.“

Kynngimagnaður kraftur

Eyþór segir ótal leyndar náttúruperlur að finna á svæðinu. „Það kemur fólki svo oft á óvart hvað leynist hérna. Eins og Fagradalsfjall sem er hæsta fjallið á svæðinu og á ótrúlega ríka sögu í tengslum við flugslys í seinni heimsstyrjöldinni.“

Þá nefnir hann einnig Kleifarvatn sem er stærsta vatn Reykjaneskagans. „Það er einhver kynngimagnaður kraftur yfir Kleifarvatni. Fólk beygir oft ekki að Kleifarvatni en ef þú ferð þá eru þar svartar strendur og magnað fjalllendi. Þar er Seltún háhitasvæðið sem er mikil perla, eins og Gunnu-



Sogin er litríkt og sérkennilegt háhitasvæði á Reykjanesi sem tilvalið er að heimsækja á góðum degi.



Kleifarvatn er vinsælt veiðivatn sem sagt er heimili stórfiska. Í vatninu er urriði og bleikja og tímabilið nær til 30. september.



Djúpavatn er ein af náttúruperlunum á Reykjanesi en umhverfið í kring er einstaklega fallegt og í vatninu er að finna bleikju. MYNDIR/ÞRÁINN KOLBEINSSON

Snorklað í kampavinsglasi

Bráðum verður hægt að snorkla í Kleifarvatni en það er stærsta vatnið á Reykjaneskaganum. Í Kleifarvatni eru neðanjarðarhverir og hefur upplifuninni verið lýst á þann veg að það sé eins og að snorkla í kampavinsglasi. Undir sandinum er jarðhiti en sagan segir að hægt sé að sjóða egg í sandinum. Það er fyrirtækið dive.is sem mun halda utan um þessa einstöku upplifun.



Það er ólýsanleg upplifun að snorkla í Kleifarvatni.

MYND/DIVE.IS



Eyþór Sæmundsson hjá Markaðsstofu Reykjanes.

hver, heimsklassaháhitasvæði með öllum þessum litum, lyktinni og gufustrókum,“ segir Eyþór.

„Síðan er þarna fjallshryggurinn eða Sveifluhálsinn fyrir ofan sem fólk er náttúrulega búð að sjá endalaust núna á skýringarmyndum eða loftmyndum úr fréttunum. Öðruvísi sérðu þetta ekkert, ef þú ert ekki að labba þarna upp. Núna er þá bara spurning um að mæta og upplifa.“

Gosið kirsuberíð á kökunni

Eyþór segir að á sama tíma og gosið vekti mikla athygli þá sé það í raun ekki síður enn ein staðfestingin á því hversu merkilegt svæðið er en Reykjanes nýtur þeirrar stórmerkilegu sérstöðu að vera einn af tveimur stöðum hér á landi sem hlotið hefur nafnbót frá Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna, UNESCO.

„Reykjanes er UNESCO Global Geopark en þeir eru bara tveir hérna á landinu. Mið-Atlantshafshryggurinn gengur hér á land og er eini staðurinn í heiminum þar sem jarðflekkarnir mætast, það er Brúin á milli heimsálfa. Hérna er jarðhitinn og hraunið og svo kemur eldgosíð sem er kirsuberíð á kökunni og undirstrikar allt varðandi jarðfræðina sem var nógu merkileg til að UNESCO gæfi okkur þennan stimpil,“ segir Eyþór.

„Þessi stimpill fæst með menningu og fræðslu til hlidsjónar af jarðfræðinni en ef jarðfræðin væri ekki svona einstök hérna þá hefði kannski ekki byggst upp þetta svæði og vegna hennar eru hérna góðar hafnir og búsetuskilyrði. Þetta tengist allt og við erum ákaflega stolt af þessu svæði og þessari viðurkenningu.“



Háhitasvæðið Seltún er með fallestri stöðum á landinu.

Velkomin í eitt af 25 undrum veraldar

Þín bíður kyrrð og hvíld í nærandi jarðsjó Bláa Lónsins.



BLUE LAGOON
ICELAND

Hægt er að nýta Ferðagjöfina hjá okkur út maí, frítt er fyrir börn (2-14 ára).
Bókaðu heimsóknina á blaalonid.is.

Upplifunin á Látrabjargi stóð upp úr



Sjöfn Þórðardóttir sjofn@torg.is

Ferðasumarið mikla er fram undan og margir eru byrjaðir að undirbúa hvert skal halda. Sumir eru meira að segja búnir að setja saman draumafrið. Kristín Stefánsdóttir, oftast kennd við NoName, sem er menntaður snyrti- og förðunarmeisteri og rekur litla dekurverslun á Garðatorgi 4, NN Studio, elskar að ferðast og njóta með fjölskyldu sinni.

Kristín er gift Lárusi Ástvaldssyni jarðfræðingi og eiga þau saman tvo drengi og aðra tvo úr fyrra goti eins og Kristín segir sjálf. „Minn maður sem situr nú daglega og horfir með miklum áhuga á gosið í Fagradal enda mikill áhugamaður um náttúruundur veraldar eins og eldgos. Við hjónin elskum að ferðast bæði hérlandis og erlendis og gerum mikið af því að fara í stuttar helgarferðir og kynnst því flotta úrvali sem íslensk flóra hefur upp á að bjóða í gistingu og mat,“ segir Kristín og er full tilhlökkunar fyrir sumrinu.

Mjög skipulögð og planar sumarfríið langt fram í tímann

Kristín og fjölskyldan eru búnir að ákveða hvernig þau ætla að verja sumarfríinu í ár og er allt niðurnegt. „Það er planað eins og allt á þessu heimili. Við plönum sumarfríin ár fyrir fram, mætti halda að við værum dönsk, hugsum allt vel út og pöntum það sem þarf að panta til að allt sé klárt. Stundum förum við fyrirvaralaust og fylgjum þá veðrinu með tjaldvagninn og eltum sólina.“

Hvert er förimmi heitið í ár?

„Núna ætlum við að fara austur og sjá Stuðlagil sem við náðum ekki í fyrrasumar og vonum að allir Íslendingarnir séu búnir að fara, þannig að við verðum ein að skoða. Einnig ætlum við að fara á Borgarfjörð eystri og skoða lundabyggðina sem orðin er fræg um allan heim. Við ætlum að heilsa nokkrum lundum og bæta í lunda-myndasafnið en í fyrra fórum við að Látrabjargi í geggjúðu veðri og horfðumst næstum því í augu við þessa fallega fugla. Svo er annar staður sem okkur hefur lengi langað til að sjá áður en túristarnir



Kristín Stefánsdóttir hefur mikla ánægju af því að ferðast um landið og er búin að skipuleggja fríið í sumar innanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við plönnum sumarfríin ár fyrirfram, mætti halda að við værum dönsk, hugsum allt vel út og pöntum það sem þarf að panta til að allt sé klárt.

flykkjast inn í landið, en það er Kárahnjúkavirkjun og við stefnum á það.“

Gaman að kynnst nýrri matarmenningu og öðruvísi stöðum
Hvað finnst ykkur skipta mestu máli að hafa til staðar þegar þið eruð að ferðast innanlands?

„Það sem við leitumst alltaf eftir er að upplifa og kynnst einhverju nýju hverju sinni, skoða nýja og áhugaverða staði sem skilja eftir



Fjölskyldan á Látrabjargi í fyrrasumar. MYND/ADSEND



Fuglalífið er fjölbreytt í Látrabjargi.

sig minningar. Við höfum ferðast með sonum okkar frá unga aldri og enn eru þeir að ferðast með okkur, orðnir 16 og 18 ára gamlir, sem eru algjör forréttindi og við njótum á meðan er. Einnig finnst mér ekkert skemmtilegra en að fara á ólíka veitingastaði og kynnst nýrri matarmenningu og öðruvísi stöðum.

Ég leita gjarnan uppi svona lókal staði og kaffihús alls konar sem mörg hver eru svo kósí, menningarleg og hugmyndaflugið stórkostlegt hvað varðar innréttingar, matseðla og drykki.“

Brakandi blíða í Flókalundi

Kristín og fjölskyldan nutu þess að ferðast innanlands í fyrrasumar og eiga góðar minningar frá þeim ferðum. „Síðasta sumar tókum við Vestfirðina að hluta til og gistum í Flókalundi í brakandi blíðu og yfir 24 stiga hita og laus við allt lúsmý. Núna er staðan þannig að ég verð að velja vel staði miðað við lúsmýs-spár. Ég er ein af þeim sem

bókstaflega eru étin lifandi ef ég lendi í bitmýi og forðast ég nú til dæmis staði eins og Laugarvatn og Suðurland á versta tímanum.“ Að sögn Kristínar var ferðasumarið í fyrra alveg yndislegt í alla staði og henni fannst upplifunin á Látrabjargi standa upp úr. „Það var æðislegt að sjá Látrabjarg og fuglalífið þar, fengum svo gott veður og tókum góðan tíma í að skoða með næstum því enga túrista, nóg pláss til að taka myndir og njóta.“

Er einhver staður sem þér finnst vera fallegasti staðurinn á landinu, sem heillar þig mest?

„Mér finnst svo margir staðir fallegir að ég get ekki nefnt einn stað sérstaklega, sé alltaf eitthvað nýtt og fallegt á hverjum stað og finnst síðasti staður alltaf sá flottasti þangað til við komum á þann næsta. Samt er einn staður sem mér finnst eins og póstkortastaður, það er Kirkjubæjarklaustur, svo gaman að ganga að Systrafossi og skoða en þar er til dæmis hæsta tré á Íslandi, yfir 27 metrar.“

Jökulsárlón ævintýri líkast

Aðspurð segir Kristín að þau hafi verið dugleg að nýta sér tilboð sem voru á gistingu síðasta sumar og það hafi komið sér vel.

„Við vorum ein af mörgum sem nýttu sér tilboð Fosshótelanna og gistum á fjölmörgum hótélum yfir sumartímann. Það sem stóð hæst upp úr er tími okkar á Fosshótelu Jökulsárlóni sem er ævintýri líkast, staðsetningin, maturinn og hótelið sjálft, eitthvað sem virði tölum um oft og munum vel eftir.“

Heimsókn í Dalina fyrir alla

Á undanförunum árum hefur verið mikil uppbygging í ferðapjónustu í Dalabyggð. Þar eru verðlaunaðir gististaðir, áhuga-verðir veitingastaðir og afþreying fyrir unga sem aldna.

Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð, segir að Dalabyggð sé fullkomin fyrir ferðalög þar sem ætlunin sé að njóta en ekki þjóta.

„Hægt er að ferðast inn dali og út með ströndum þar sem náttúran er ævintýri líkast og dýralíf fjölbreytt,“ segir hún.

Jóhanna María segir að þegar kemur að gistingu ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Dalabyggð.

„Hérna er hægt að fá gistingu á gistiheimilum jafnt sem hótélum eða leigja hús eða sumarhús og svo eru nokkur tjaldsvæði í sveitarfélaginu. Allt hvað hentar og eftir því hvort fólk vill vera utan eða innan þéttbýlis,“ segir hún.

„Í Dalabyggð eru einnig verðlaunaðir gististaðir, hönnunin á Dröngum hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2020 og hönnun á Nýp hlaut AIA UK Design Awards



Jóhanna María við myndverk eftir Hallstein Sigurðsson til minningar um Sturlu Þórðarson lögmann og sagnaritara sem bjó í Dölum. MYND/ADSEND

Hægt er að ferðast inn dali og út með ströndum þar sem náttúran er ævintýri líkast og dýralíf fjölbreytt.

Jóhanna María Sigmundsdóttir

verðlaunin 2020 í flokki Small Project. Drangar eru á Skógarströnd en Nýp er á Skarðsströnd.“

„Við erum landbúnaðarhérað og hérna er því mikið um gistingu í dreifbýlinu ásamt því að hægt er að heimsækja Rjórabúid að Erpsstöðum og kíkja í fjösið og kaupa sér ís og annað góðgæti. Þá er líka hægt að kíkja í dýragarðinn á Hólum til að komast í meiri snertingu við dýrin. Svo er vinsælt að skella sér í hestaferð með Dalahestum eða bara fá að eiga samverustund með hrossunum,“ segir Jóhanna María.

Matgæðingar þurfa ekki að örvænta á ferð um Dalabyggð að sögn Jóhannu Maríu. Hvort sem

þeir vilja nálgast vörur beint frá býli, meðal annars á Erpsstöðum, eða njóta veitinga hjá Dalahyttum eða sveitasetrinu Vogu. Þá verður enginn svikinn af heimsókn á Dalakot eða Veidistaðinn í Búardal.

Jóhanna María segir heimamenn vera duglega að nýta sér sundlaugina á Laugum. „Þar er hægt að eiga góðan dag með fjölskyldunni eða bara slaka á í pottunum eftir ferðalagið,“ segir hún.

Í Dölum er af nógu að taka fyrir söguþyrsta ferðamenn en þar eru söguslóðir Laxdæla sögu og hægt er að feta slóðir einstaka sögupersóna eins og Auðar djúpúðgu, Geirmundar heljarskinns eða Eiríks rauða.

„Heimsókn að Eiríksstöðum er ævintýri líkast þar sem hægt er að heyra sögur við eldstæðið og handleika vopn og aðra forna muni,“ segir Jóhanna María.

Síðasta sumar var Vínlandssetrið opnað í Búardal. Þar er að sögn Jóhannu Maríu einstaklega áhugaverð og metnaðargjörn sýning um landafundi Eiríks rauða og Leifs heppna á Grænlandi, í Kanada og Bandaríkjunum. Hægt er að fá sér léttu hressingu fyrir eða eftir sýninguna á neðri hæðinni.



Komdu heim í Hafnarfjörð

Það verða **Bjartir dagar** í Hafnarfirði í allt sumar. Skemmtun, fjölbreytt verslun og þjónusta, kósí kaffihús, vinalegir veitingastaðir og ný ævintýri við hvert fótmál. Frítt fyrir börnin í sund og ókeypis aðgangur að söfnunum. Við tökum vel á móti þér!

hfj.is/bjartirdagar



Hafnarfjörður

Sveitahótel í faðmi fjalla, jökla og ævintýra

Landhótel í Landsveit er nýtt og glæsilegt hótel mitt í ævintýralandi Rangárþings. Þar er hægt að njóta þess besta sem landið gefur, dekurs og dásæmda hótellífs, og einstakrar náttúruupplifunar allt um kring.

„Landhótel er fjögurra stjörnu, heillandi og glæsilega hannað sveitahótel með 69 herbergjum og í aðeins einnar stundar akstursfjarlægð frá Reykjavík,“ segir Dýrleif Guðmundsdóttir, markaðs- stjóri Landhótel, sem stendur í ægífagurri Landsveitinni.

Þaðan er stutt í allar sunnlenskar áttir og dásæmdin ein að njóta dekurs, góðs matar og hvíldar í faðmi hótelsins á milli þess sem náttúra og menningarverðmæti í nágrenninu og nærsveitum eru kannaðar í íslenska sumrinu.

„Landhótel tengir gesti sína við undur Íslands. Frá hótelinu er víðfeðmt og undurfagurt útsýni til fjalla og jökla. Þar trónir hæst og næst okkur eldfjallið heimsfræga og formfagra Hekla, Búrfell er nánast í bakgarðinum og bæði Eyjafjallajökull og Tindfjallajökull eru í návígi og gleðja augað og andann. Á góðum degi sést líka vel til Vestmannaeyja frá efstu hæð hótelsins og þegar norðurljósin æða yfir okkur er það stórfengleg upplifun því engin sjónmengun er í sveitasælunni á Landhótel,“ segir Dýrleif.

Friðsælt og fagurt sveitalíf

Það tilheyrir sveitakýrrð náttúrunnar að á Landhótelu heyrist ekkert nema niður náttúrunnar.

„Hótelíð státar af fullkominni hljóðvist í öllum vistarverum og hvergi heyrist bergmál. Því geta gestir rætt saman án skarkala eða truflunar frá öðrum, eins og þegar notið er veitinga og afslóppunar í hlýlegum söllum hótelsins,“ upp-



Landhótel er í hjarta Suðurlands og tengir gesti við margar af fegurstu náttúruþerlum landsins. MYNDIR/ADSENDAR



Stórt og gott sánabað er á hótelinu.

lýsir Dýrleif á glæsilegu Landhótelinu sem er byggt úr náttúrulegum efnivið.

„Herbergin eru stærri en gengur og gerist; standard herbergi eru frá 23 til 25 fermetrum upp í 30 fermetra fjölskylduherbergi. Öll eru þau búin vönduðum Marriot Standard-rúmum, lúxus-sængurfatnaði og stóru baðherbergi með sturtu. Gott sjónvarp er í öllum herbergjum sem og fritt Wi-Fi um allt hótelið,“ segir Dýrleif.

Herbergin eru búin Marriot rúmum, lúxus sængurfatnaði, baði og sjónvarpi. Ut um gluggann hér sést Hekla.



Fyrir utan dýrðarlíf á herbergjum Landhótel er hægt að njóta kvöldsólar og kokteila á fallegum hótelnarum, fara í stórt og gott sánabað og gera vel við sig í mat og drykk á veitingastaðnum.

„Við tökum líka vel á móti ráðstefnugestum og erum með tvo glæsilega og vel útbúna fundarsali, einn fjórtán manna og hinn 60 manna. Þeir nýttast einnig fyrir veisluhald og þá er upplagt að njóta veitingastaðarins okkar líka.“

Náttúruþerlur við hvern fót Matsalurinn á Landhótelu er stór, bjartur og með stórkostlegt útsýni yfir iðjagrænt og lifandi sveitalíf á bæjunum í kring, sem og eina fegurstu fjallasýn sem um getur.

„Gestir og gangandi geta komið til að njóta gómsætra og girnilegra rétta á veitingastaðnum okkar og dáðst um leið að stórfenglegri náttúruþerlunni landsins. Við verslum öll aðföng úr nærsveitinni sem tryggir ferskan og



Veitingasalurinn er bjartur með stórkostlegri fjalla- og jöklasýn.

góðan mat beint frá bónda.“

Landhótel er sjálfkjörinn dvalarstaður fyrir fjölskyldur, pör og vínahópa sem vilja njóta íslensks sumars í námunda við angan af nýsleginni töðu og fuglasöng í íslenskri sveit á milli þess sem farið er á milli spennandi áfangastaða í nágrenninu.

„Frá hótelinu er tilvalið að fara í dagsferð í Landmannalaugar og fyrir þá sem ekki eru með bíl í slíka ferð stoppar rútan við Landhótel á leið sinni í Landmannalaugar og kemur svo með ferðafólki í gistingu hjá okkur yfir nóttina. Þá er stutt í Þjórsárdal og nú þegar nýja göngubrúin kemur yfir Þjórsá eykur það enn á fjölda fagurra og skemmtilegra gönguleiða. Mikil víðatta er í kringum hótelið, margar gönguleiðir, hjóla- leiðir og aðeins spottakorn að fara upp á hálandið í allri sinni dýrð,“ upplýsir Dýrleif.

Rúsinan í pylsuendanum á Landhótelu eru glænýrir heitir pottar sem senn koma á suður- svalir þess.

„Þá klárum við fljótlega norðurljósasvalirnar okkar sem verða lokaðar og upphitaðar, og einkar rómantískar og spennandi þegar haustar að og næsta vetur.“

Landhótel stendur við Landveg í Landsveit. Sími 558 0550. Allar nánari upplýsingar á landhotel.is

hunavatnshreppur.is


HÚNA VATNS HREPPUR SAGA NÁTTÚRA ÚTIVIST

Njótið útivistar, s.s. gönguferða, hestamennsku eða fuglaskoðunar í Húnavatnshreppi. Á svæðiðinu má finna sögusvið Vatnsdælasögu og Grettissögu. Þingeyrakirkja, fornt kirkju- og lærdómssetur er rómuð fyrir fegurð og fagra muni. Frægir eru Þristapar hluti af Vatnsdalshólunum, síðasti aftökustaður landsins. Þekktasti útlagi landsins, fjalla-Eyvindur gerði sér bústað á Hveravöllum. Í Húnavatnshreppi er úrval góðrar gistingar, s.s. tjaldstæði, bændagisting og góð sveitahótel.

VERIÐ VELKOMIN



Húnavatnshreppur



VEIÐI



SÖGUSTAÐIR



ÚTREIÐAR



HÁLENDIÐ





ÍSLANDS
HÓTEL

TILBOÐ

5 nætur – 74.500 kr.

8 nætur – 108.000 kr.

Hægt er að bóka gistingu
til 31. maí 2022

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

FOSSHOTEL

EINSTÖK TILBOÐ HÓTELGISTING Í SUMAR



FERÐUMST INNANLANDS

Verð miðast við einn til tvo fullorðna
í herbergi í **5 eða 8 nætur**.

Verð eru án morgunverðar.



TILBOÐIN GILDA Á EFTIRFARANDI HÓTELUM:

- Grand Hótel Reykjavík • Fosshótel Núpar • Fosshótel Jökulsárlón • Fosshótel Austfirðir
- Fosshótel Mývatn • Fosshótel Húsavík • Fosshótel Vestfirðir • Fosshótel Stykkishólmur • Fosshótel Reykholt



SJÁ NÁNAR Á ISLANDSHOTEL.IS/TILBOD

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á bokun@islandshotel.is

Rangárþing eystra er útivistarparadís

Rangárþing eystra er sannkölluð útivistarparadís. Þar er hægt að stunda fjölbreytta útivist. Allt frá léttum fjölskyldugöngum til krefjandi jöklaferða.

Helgi Jóhannesson, lögmaður og göngugarpur með meiru, þekkir svæðið eins og lófann á sér enda hefur Fljótshlíðin verið hans annað heimili síðastliðin 20 ár. „Innan sveitarfélagsins eru glæsileg fjöll og jöklar, fallegir fossar, einstök fjara og náttúruperlan Þórsmörk svo eitthvað sé nefnt. Hér eru einnig fjölmargir fallegir viðkomustaðir sem hægt er að heimsækja á bílum, hjólum eða vélsleðum að vetri til,“ segir Helgi.

Þríhyrningur með fimm toppa
Að sögn Helga er fjallið Þríhyrningur í uppáhaldi hjá honum þegar kemur að styttri gönguferðum. „Fjallið stendur á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla og sést víða að, enda er víðsýnt þaðan. Fjallið er 678 metra hátt. Hækkunin frá fjallsrótum upp á topp er um 500 metrar og tekur gangan upp um 1-1,5 tímar. Gangan er því svipuð að lengd og erfiðleikastigi og að ganga upp að Steini í Esju sem margir þekkja. Af fjallinu er mjög víðsýnt á góðum degi. Þar blasa við Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Tindfjallajökull, Hekla, Vestmannaeyjar og Landeyjarnar svo eitthvað sé nefnt. Gaman er að lengja gönguna þegar upp er komið og ganga á alla tinda fjallsins en þeir eru í raun fimm þrátt fyrir nafn fjallsins.



Hér gefur að líta göngugarpinn Helga Jóhannesson keikan uppi á toppi Stóra-Dímans með Markarfljótsaura í baksýn. MYND/ADSEND

Reikna má með að slík hringganga taki um klukkutíma til viðbótar við áður nefndan uppgöngutíma,“ segir Helgi.

Fjölbreyttar og frægar gönguleiðir
„Annað fjall eða fell sem vert er að nefna er Stóri-Díman á Markarfljótsaurum og er mjög skemmtilegt og létt að ganga á það. Fjallið er ekki nema 178 metra hátt og því vel viðráðanlegt fyrir bæði börn og

77 Gaman er að lengja gönguna þegar upp er komið og ganga á alla tinda fjallsins en þeir eru í raun fimm þrátt fyrir nafn fjallsins.

Helgi Jóhannesson

fullorðna. Greinilegur göngustígur er upp á fjallið og þaðan er víðsýnt yfir Markarfljótsaura, auk þess sem Mýrdalsjökull, Eyjafjallajökull, Tindfjöll og Þríhyrningur blasa þar við.

Af öðrum gönguleiðum í sveitarfélaginu má nefna hina einstöku leið yfir Fimmvörðuháls, það er frá Skógum yfir í Þórsmörk milli Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls. Leiðin er afar falleg, um 25 kíló-

metrar. löng og því hentug dag-ganga. Þá eru að sjálfsgöðu góðar og fallegar gönguleiðir af ýmsu tagi í Þórsmörk sjálfri. Ekki má svo gleyma fjallaskíðamöguleikum í Rangárþingi eystra en á Eyjafjallajökli og Tindfjallajökli eru frábærar aðstæður til fjallaskíðaiðkunar.

Þetta er allt einungis brotabrot af því sem Rangárþing eystra hefur upp á að bjóða í útivist og göngum,“ segir Helgi.

B BOREAL
SUPER TRUCK EXPLORERS



ÓBYGGÐIRNAR KALLA
TVEGGJA TIL SEX MANNA HÚSTRUKKAR TIL LEIGU

Fullkominn ferðafélagi fyrir:
Veidiferðina, Öræfin, Norðurljósin, Hálandið, Fjölskylduna, Vínina.

Til leigu, með eða án bílstjóra.



ingi@boreal.is

S: 864 64 89

www.boreal.is

Ný ferðagjöf væntanleg

Nú fer hver að verða síðastur að nýta ferðagjöfina 2020 þar sem hún rennur út 31. maí næstkomandi. Stjórnvöld hafa ákveðið að gefa nýja ferðagjöf að upphæð krónur 5.000 á næstunni fyrir einstaklinga fædda árið 2003 og fyrr. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, mun leggja fram frumvarp um endurnýjun Ferðagjafar með gildistíma frá 1. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021.

„Markmið ferðagjafar er að hvetja fólk til að ferðast vítt og breitt um landið, ásamt því að hvetja fyrirtæki innan ferðapjónustunnar til þátttöku í verkefninu, með því að bjóða upp á fjölbreytt tilboð og tækifæri, líkt og síðasta sumar en átakið mæltist vel fyrir og hafði jákvæð áhrif

á fólk og fyrirtæki,“ segir Þórdís Kolbrún á vef Stjórnarráðsins.

Gjöfin er hluti aðgerða ríkisstjórnarinnar til að efla efnahagskerfið og draga úr þeim neikvæðum áhrifum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér á atvinnulífið, þá sér í lagi íslenska ferðapjónustu. Íslendingar létu ekki sitt eftir liggja á síðasta ári en frá gildistöku laganna í júní 2020 þar til í apríl 2021 höfðu tæplega 200 þúsund einstaklingar sótt Ferðagjöfina af þeim 280 þúsundum sem fengu hana útfelna. Þá hafa 812 fyrirtæki verið skráð til þátttöku. Með endurnýjun Ferðagjafar 2021 eru einstaklingar hvattir til að ferðast innanlands í sumar, rétt eins og síðastliðið sumar, eftir því sem aðstæður leyfa.



Náttúrulegt & öflugt fyrir góða meltingu





Viltu losna við
bjúg & uppþembu?

Róandi meltingarblanda
sem inniheldur hreint
engifer & íslensk fjallagrös.

Fæst í næsta apóteki, heilsvöruverslun
og flestum stórvörumörkuðum.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



HOTEL KVERNA - SKÓGUM -

Opnum 19. maí 2021

Fjölskylduvænt og ódýrt hótél í gamla Héraðsskólanum að Skógum.

2. manna herbergi með morgunmat 14.900 kr.

Höfum einnig 3. manna herbergi og 2. herbergja íbúðir.

Heitur pottur og líkamsrækt.

Mjög góð aðstaða fyrir göngufólk og gönguhópa.

2. manna herbergi m/morgunmat 14.900 kr.

Upplifðu Suðurland!



Upplýsingar í síma: 454 0025 og 771 9020 - www.hotelkverna.is

Gott nesti í ferðalagið

Einn allra nauðsynlegasti þáttur góðs ferðalags er gott nesti, ekki síst þegar börn eru með í för. Það er lítið mál að útbúa ljúffengt nesti daginn fyrir brottför sem hentar vel í bílnum, í stuttri nestispásu eða þegar komið er á áfangastað, til dæmis upp í bústað. Hér eru nokkrar einfaldar uppskriftir sem ganga í flesta svanga maga.

Dásamlegar kjötbollur Fyrir 20 bollur

Hráefni:

½ bolli brauðmylsna
¼ bolli mjólk
2 eggjarauður
½ bolli rifinn parmesanostur
1 msk. salt
1 tsk. svartur pipar
2 hvítlauksrif, söxuð smátt
500 g nautahakk
500 g grisahakk
½ bolli steinselja eða basilika (eða blanda)
Olía til steikingar

Setjið brauðmylsnu í stóra skál og hellið mjólkinni yfir. Bætið við eggjarauðum, ostinum, hvítlaukunum og salti og pipar. Hrærið vel saman. Næst fer hakkið út í ásamt steinseljunni. Hrærið vel saman með sleif eða höndum. Notið skeið eða fingur til að móta kjötbollur. Uppskriftin gefur um 20 kjötbollur en einfalt er að tvöfalda eða þrefalda uppskriftina fyrir meira magn. Hægt er að steikja bollurnar á pönnu með olíu í um 15 mínútur eða setja í 200 gráðu heitan ofn í 10-15 mínútur.

Hægt er að dýfa kjötbollunum í alls kyns sósur, til dæmis pítsu-sósu, BBQ-sósu, chili-majónes og hvítlaukssósu.

Ljúffengar kjúklingavefjur Fyrir fjórar vefjur

4 vefjur, stærsta gerð
2 kjúklingabringur
1 tsk. reykt paprika
¼ tsk. chili-duft
½ tsk. hvítlauksduft
½ tsk. salt
½ tsk. svartur pipar



Dásamlegar kjötbollur.



Skinkusalat er í miklu uppáhaldi hjá mörgum. Gott ofan á brauðið.

Olía til steikingar
Ísbergssalat eða salatblanda að eigin vali
1 bolli mozzarellaostur eða annar ostur
Hvítlaukssósa

Kryddið bringur með reyktu paprikunni, chili-dufti, hvítlauksdufti og salti og pipar. Steikið á pönnu eða grillið. Setjið bringur til hliðar og leyfið að hvíla í 5 mínútur. Skerið næst bringur í litla munnbita. Setjið salatíð á miðja vefjuna þannig að það þeki



Kjúklingavefjur eru þægilegt nesti á ferðalaginu. MYNDIR/AÐSENDAR

góðan hluta hennar. Stráið næst kjúklingabitum yfir, svo osti og að lokum sósunni. Brjótið hægri og vinstri hlið vefjunnar aðeins inn og lokið síðan með því að taka neðri hluta hennar og rúlla henni upp. Næst er vefjan grilluð stutta stund í samlokugrilli til að bræða ostinn og fá stökka húð. Einnig má steikja hana stutta stund á pönnu.

Að lokum er hún skorin til helminga. Þessar vefjur má auðvitað útfæra á ólíkan máta með öðru grænmeti á borð við tómata, gúrkur og rauðlauk, nota má aðrar sósur, til dæmis salsasósur og einn-

ig er gott að setja Doritos-flögur á milli.

Besta samlokan

2 dósir af túnfiski í vatni (hellið vatninu af)
2 selleristilkar, skornir smátt
2 msk. smátt saxaður rauðlaukur
½ bolli grísk jógúrt
2 msk. sítrónusafi
1 msk. Dijonsinnep
¼ tsk. salt
¼ tsk. svartur pipar
1 msk. söxuðu steinselja



Sérstaklega ljúffengt túnfisksalat.

Svengdin gerir oft vart við sig á ferðalögum og þá er gott að grípa í eitthvað ljúffengt, gott og handhægt.

Blandið vel saman í stóra skál jógúrtinni, sítrónusafanum, sinnepinu, salti, pipar og steinselju. Bætið næst túnfiski út í ásamt selleriinu og rauðlaukunum. Blandið saman.

Notið nýtt og gott brauð til að búa til samloku. Einnig er gott að setja salat á milli, til dæmis Lambhagasalat eða góða salatblöndu.

Skinkusalat á kexið

3 bollar af góðri skinku, skorin í litla bita
½ bolli selleri, smátt skorið
¼ rauðlaukur, smátt skorið
1 msk. Dijonsinnep
¾ bolli majónes
2 msk. sweet pickle relish
1 msk. söxuð steinselja
Smá svartur pipar

Saxið skinkuna í litla bita og setjið í stóra skál og bætið við selleriinu, rauðlaukunum, sinnepinu, majónesinu, relish-inu, pipar og steinselju. Hrærið varlega saman. Þetta salat er frábært á kex, hrökkbrauð eða bara gott brauð.

Fjölskylduævintýri í hverjum kima

Margrét Jóna Ísólfsdóttir, býflugnabóndi með meiru, hefur búið í Rangárþingi eystra í átta ár og þekkir svo að segja hvern krók og kima í bæjarfélaginu.

Margrét er uppalin á Hvolsvelli en bjó um árabil í Reykjavík. „Fyrir átta árum flutti ég aftur á Hvolsvöll með manningum mínum og dóttur. Þá var ég ólétt að yngri dóttur okkar. Við fundum strax hve mikil lífsgæði eru fölgin í því að búa í Rangárþingi eystra. Fjölskylduvænt, frábærir skólar, gott mannlíf, stutt í allt og stórbrotin náttúra í bakgarðinum. Eftir þrjú ár á Hvolsvelli byggðum við hús í Fljótshlíðinni og færðum okkur enn nær náttúrunni,“ segir Margrét.

Ævintýraskógur

Fjölskyldan er dugleg að skoða sig um, finna leynistaði og eiga saman fjölskyldustundir í sumarylrum. „Við eigum tvær stelpur, 8 og 12 ára, og úr Fljótshlíðinni er stutt í alls konar heillandi staði. Við heimsækjum ósjaldan Tumastaði og höldum í Tunguskóg. Þar er ævintýraveröld fyrir börn, stór og há grenitré, ótal göngustígar og leynistaðir með leiktækjum, náttúrulegri vidarhórpu og nota-



Fjölskyldan hefur gaman af því að leita ævintýra í Tunguskógi og setjast svo niður að kvöldverði hjá eldstæðinu við jaðar skógarins. MYND/AÐSEND.

Ef þú ert heppinn gætir þú gengið fram á gamlar gúmmítúttur eða flöskuskeyti. Það þarf þó að passa sig og börnin á briminu sem getur verið hættulegt.

Margrét Jóna

legum lundum. Þá er tilvalið að safna eldivíði á göngunni þar sem í skógarjaðrinum er eldstæði sem má nota til að elda kvöldmatinn.“

Fullkominn fjölskyldudagur

„Fullkominn laugardagur myndi hefjast á dýrindis kaffibolla á heimakaffihúsinu mínu. Þá myndum við fjölskyldan halda í Múlakot og ganga um gamla skrudgarðinn. Þar var snemma á 19. öld rekið veitingahús og síðar hótél enda lá gamla þjóðleiðin þar

um. Næst lægi leiðin yfir í Landeyjar en miðja vegu milli Landeyja og Fljótshlíðar er fjallið Stóri-Dímon. Það væri tilvalið að stoppa þar og ganga upp. Fjallið er eitt af uppáhalds fjöllum mínum og hentar vel til að æfa börn í fjallgöngu. Að lokum myndum við leggja leið okkar í Landeyjafjöru. Þar er dásamlegur svartur og hlýr sandur og Vestmannaeyjar eru ótrúlega nálægt. Fjaran gefmir endalausa leyndardóma og fjársjóði fyrir börnin eins og steina og kuðunga en reyndar alls konar drasl líka sem sjórinn hefur skilað af sér. Ef þú ert heppinn gætir þú gengið fram á gamlar gúmmítúttur eða flöskuskeyti. Það þarf þó að passa sig og börnin á briminu sem getur verið hættulegt.

Okkur þykir líka ógurlega gaman að þvælast um hin ýmsu gil víða um sveitarfélagið og eitt það flottasta er Nauthúsagil. Ef gil sem á að skoða virðist tilheyra bóndabæ er um að gera að fletta viðkomandi upp og biðja um leyfi til að ganga gilið. Af öllum þessum fjölmörgu stöðum er þó einn í sérstöklu uppáhaldi; Húsadalur í Börs-mörk. Þar er einstök orka, óteljandi gönguleiðir, hellar og endalausir möguleikar til útivistar.“

FERÐASTU UM **ALLT** ÍSLAND

PLUG INTO MORE
ADVENTURE



THE 2021 **WRANGLER**
4xe

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BODI FRÁ KR. 300.000

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU.

Jeep | **4xe**

RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



4xe

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID
VERÐ 5.499.000 KR.*



4xe

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID
VERÐ 5.999.000 KR.*

*Gildir meðan birgðir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300WWW • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr Mitsubishi Outlander Hybrid Instyle Leður og rúskin á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Litir: Svartur og Hvítur. Langt undir listaverði á 5.280.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagdir
- » Hellulagdir
- » Þökulagdir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarbjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímaáskilna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli, pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðaflýta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Húsviðhald

FLOTUN

Tek af mér að flota gólf og fl.

Tímavinna eða tilboð.

Upplýsingar í síma: 777-2242

FLÍSLAGDIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGDIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma



Starfsmannabjónusta
551 5000
proventus@proventus.is

Ár múla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milli loft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEIFT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030 OG BREYTING Á DEILISKIPULAGI HRAUNSHOLTS VESTRA (ÁSAHVERFI) VEGNA BREKKUÁS.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 1.mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 36. gr. og breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) samkvæmt 1. mgr. 31. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

• Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, breyting, Brekkúás

Tillagan gerir ráð fyrir því að landnotkunareitur 2.06 S Brekkúás breytist í 2.06 Íb sem er breyting úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð.

• Deiliskipulag Hraunsholts vestra (Ásahverfi), breyting, Brekkúás 2

Breytingin nær til lóðarinnar Brekkúás 2 sem breytist úr lóð fyrir samfélagsþjónustu í lóð fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði búsetukjarni fyrir fatlað fólk og leiksvæði. Einnar hæðar fjölbýlishús með 6-7 íbúðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk og ýmis sameiginleg rými. Á lóðinni skulu vera a.m.k. 11 bílastæði.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7. Tillagan er í auglýsingu frá 7. maí 2021 til og með 18. júní 2021. Þeir sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir við breytingartillögurnar til og með 18. júní 2021 annað hvort á netfangið **skipulag@gardabaer.is** eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Aðalfundur Búseta hsf.

Aðalfundur Búseta hsf. verður haldinn fimmtudaginn 27. maí nk. á Grand Hótel, Sigtúni 38, kl. 17:00. Vegna gildandi viðmiða samkomubanns þurfa félagsmenn sem hyggjast mæta á fundinn að skrá sig á vef Búseta www.buseti.is.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins
 2. Önnur mál
- Stjórnin



Deiliskipulagsbreyting

Haukasvæði, Ásvellir 1

Á fundi bæjarstjórnar þann 24. apríl 2021 var samþykkt að endurauglýsa breytingar á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingar á áður auglýstri tillögu frá **11.11.-23.12.2019**. Jafnframt er umhverfisskýrsla auglýst. Í auglýstri tillögu frá 2019 er: skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð vestan megin við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir 100 - 110 íbúðum eða um 10.000m² byggingarmagni á lóðinni. Hæð húsa verði 2 - 5 hæðir. Bílakjallari verði undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og ofanjarðar verður gert ráð fyrir 60 bílastæðum.

Fjölnota knathús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöll verður nú staðsett nyrst á lóðinni. Hæð þess verður 25m yfir miðju vallar en 12m í hliðum. Grunnflötur byggingarreits er 13.050m² og verður stærð húss 9.900m² nettó. Samtengt knathúsinu verður 900m² þjónustubygging innan sama byggingarreits. Mænishæð þjónustubyggingar verður 5m. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knathús. Að öðru leyti gilda eldri skimálar deiliskipulagsins.

Þær breytingar sem gerðar eru á áður auglýstu deiliskipulagi eru eftirfarandi:

- Mörk friðlands Ástjarnar færð inn á uppdrátt
- Byggingareit fjölnota knathúss breytt
- Byggingareitir íbúðahúsa skýrðir og byggingareit kjallara bætt inn
- Stærðartöflu bætt inn
- Greinargerð lagfærð
- Viðbótar skýringamynd bætt inn á skýringaruppdrátt
- Aðkoma bíla að knathúsi lagfærð
- Lóðamörk svæðisins skilgreind
- Æfingavelli miðsvæðis snúið
- Staðsetning fornleifa leiðrétt
- Borholur færðar inn
- Stígar innan lóðar lagfærðir
- Umfang varðveittra hraungarða aukið.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 07.05- 21.06.2021. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna og umhverfisskýrslu á **hfj.is/skipulag**

Þeim sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skal þeim skilað **skipulag@hafnarfjordur.is** eigi síðar en **21.06 2021** eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

